



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Norrænu bókbandssýningarinnar
Þjóðmenningarhúsinu
10. júní 2005**

Góðir gestir

Þegar Íslendingar vilja gera vel við þá sem hingað koma um langan veg þá sýnum við þeim gjarnan bækur, lúnar skinnbækur í slitnu bandi sem við metum sem dýrgripa vegna þeirra sagna og kvæða sem þær varðveita; bækur sem voru svo vel gerðar í upphafi af frábærum handverksmönnum að þær hafa um aldir þolað misjafna meðferð ótalmargra kynslóða; einstæðir kjörgripir úr kálfskinni sem sjá má annars staðar í þessu húsi; og margt er það tignarfólkið sem gert hefur sér sérstaka för til að bera þá augum.

Aðrar þjóðir leiða gesti sína um gamlar hallir, hof og kirkjur, musteri valds og trúar, en við Íslendingar sýnum bækur, ritin sem gert hafa okkur að þjóð og teflum þeim hiklaust fram gegn hvaða frægðarsetri sem vera kann í veröldinni.

Við höfum ætíð metið mikils þá sem kunna að gera góða bók, ekki aðeins þá sem skapa textann, skáldin eða höfundana, heldur einnig bókbendarana, snjalla menn sem finna fræðum og skáldskap fagran búning.

Heimsókn á heimili, til sjávar eða sveita, leiðir okkur fljótt að bókaskápnunum og húsráðandinn dregur úr hillum eitt rit af öðru, ekki aðeins til að dásama textann, heldur til að sýna bandið, lögun skinnsins, kjölinn, gyllinguna eða hvað annað sem gerir bókina að listagrip, jafnvel þótt allar síður væru auðar.

Ég man það vel hve tengdamóðir mín heitin Guðrún Bech, sjómannsekkja í Vesturbænum, varð stolt þegar bækurnar sem hún hafði bundið inn bárust í tal – og nú geyma börn hennar og barnabörn þessar

bækur sem kjörgrípi, ættarstolt, þótt auðvelt sé að ná sér í textana eftir öðrum leiðum.

Virðingin fyrir bókbandinu er samgróin menningu okkar Íslendinga og við munum um aldur og ævi handleika fagnar bækur með sérstökum huga.

Reyndar er það einnig svo að framlag okkar til frændfólksins á Norðurlöndum er einkum bundið bókum. Fátæklegri yrði saga Noregs ef Snorri hefði ekki haft snjalla menn til að gera úr skinnblöðum frægðarrit – nú eða Eddukvæðin sem eiga sinn sess með öndvegisritum í heimsbókmenntunum. Og eitt hið fyrsta sem Íslendingar fluttu út, annað en vaðmál og fiskur, voru bækur sem íslenskir bókameistarar gerðu handa norskum kaupendum eins og íslenskir fræðimenn hafa rakið.

Það er því gleðiefni að norræn bókbandssýning skuli nú vera komin hingað, í þennan áfangastað eftir opnun í Svíþjóð og héðan fer hún svo til Kaupmannahafnar. Er það ekki í fyrsta sinn sem fagnar bækur, kjörgrípir, fara héðan til Danaveldis – og af því eru eins og við vitum merkar sagnir frá fyrri öldum.

Nú er hins vegar önnur tíð og hér sjáum við handverk meistara frá Norðurlöndum, úrvalsverk, sem í keppni hafa unnið rétt til að vera hér á borðum.

Sýningin ber svipmót norrænna manna, bæði í bókatitlum og hönnun, og heildin færir okkur sönnur á að vandað er vel til þessara verka á Norðurlöndum.

Það er vel við hæfi að sýningin sé haldin í húsinu þar sem handritin eru til sýnis á fyrstu hæð, í þessu gamla safnahúsi skjala og bóka þar sem samhengið í sögu okkar, nútíð og fortíð, verður svo áþreifanlegt.

Ég óska öllum aðstandendum til hamingju með samvinnuna og norrænu bókbandsfólki allra heilla í framtíðinni.

Með þessum orðum tilkynni ég að Norræna bókbandssýningin 2005 er hér með opnuð.